

Mál nr. 91/2025**Nafn málskotsaðila (M)****Nafn varnaraðila (V)****Heiti vátryggingar: Húseigendatrygging (ábyrgðartryggingarliður).****Heiti vátryggingartaka (X)****Skaðabótaábyrgð. Sönnun. Gildissvið vátryggingar.****Gögn.**

1. Málskot móttakið 4. mars 2025, ásamt fylgiskjölum.
2. Athugasemdir V, dags. 10. mars 2025, ásamt fylgiskjölum.
3. Viðbótarathugasemdir M, móttæknar 16. maí 2025. dags. 29. mars 2025.
4. Viðbótarathugasemdir V, dags. 16. maí 2025.

Málsatvik.

Í málskoti upplýsir M að tjón hafi orðið á bifreið hans 5. febrúar 2024 þegar þakkantur úr jární hafi fokið af þaki fjölbýlishúss X. Hafi stjórnarmaður X tilkynnt tjónið til V. M telur að X, sem hafi vanrækt eðlilegt viðhald á umræddum þakkanti og þannig ekki komið í veg fyrir að hann fyi, beri skaðabótaábyrgð á tjóninu. Telur M að það liggi fyrir að kominn hafi verið tími á viðhald á þaki og þakkanti hjá X. Að auki telur M sig eiga rétt á að fá tjónið bætt þar sem í upplýsingaskjali frá V komi fram að tryggingin bæti tjón af völdum óveðurs eða roks ef vinhraði fer yfir 28,5 m/s. Hefur M lagt fram gögn sem hann telur að sýni að vindhraði í umrætt sinn hafi verið yfir þeim mörkum.

Í athugasemdum frá V, dags. 10. mars 2025, kemur fram að félagið tekur ekkert það hafa komið fram í málinu sem bendi til þess að eitthvað hafi verið athugavert við umræddan þakkant. Þvert á móti liggi ekki annað fyrir en að mikill veðurofsi hafi gengið yfir landið umræddan dag og ljóst sé að X geti ekki borið ábyrgð á tjón af völdum þess veðurs. Þá mótmælir V því að M eigi bótrétt vegna þess að vinhraði hafi náð 28,5 m/sek. Bendir V á að sá bótaréttur sé bundinn við skemmdir á húseign, nokkuð sem eigi ekki við um tjón M.

Í viðbótarathugasemdum M, dags. 16. maí 2025, ítrekar M sín fyrri rök og gerir frekari grein fyrir þeirri skoðun sinni að umræddur þakkantur hafi verið í verra ásigkomulagi en X vill vera láta.

Í viðbótarathugasemdum V, dags. 16. maí 2025, ítrekar félagið sín fyrri rök og leggur m.a. áherslu á að það telji að í málinu liggi ekki fyrir nein þau gögn sem sýnt gætu fram á að þakkanturinn hafi verið í ófullnægjandi ástandi eða að tjónshætta hafi starfað af ástandi hans.

Álit.

Almennar sönnunarreglur í skaðabótarétti gera ráð fyrir því að sá sem heldur því fram að annar beri skaðabótaábyrgð á tjóni sínu beri sönnunarbyrði um að skilyrði slíkrar ábyrgðar séu uppfyllt. Það hvílir því á M að sýna fram á tjón sitt og að umrætt tjón sé að rekja til saknæmra athafna eða athafnaleysis X eða annarra atvika eða aðstæðna sem X verði gert að bera skaðabótaábyrgð vegna. Nefndin telur að þó það sé óumdeilt að M hafi orðið fyrir tjóni í umrætt sinn hafi honum ekki tekist að sanna að það verði rakið til saknæmrar háttsemi sem X beri skaðabótaábyrgð á.

Telur nefndin að fyrirbyggjandi gögn sýni ekki fram á að þakkantur sá er málið varðar hafi verið í ófullnægjandi ástandi eða að sérstök tjónshætta hafi verið af ástandi hans. Þá sé einnig ósannað að X hafi vanrækt viðhald eða hafi mátt vita að tjón kynni að hljóta af þakkantinum. Enn fremur liggur fyrir að óveður var á tjónsdegi. Kröfu M um greiðslu skaðabóta úr ábyrgðartryggingarliði húseigendatryggingar X hjá V er því hafnað.

M byggir einnig á því að hann eigi rétt til bóta þar sem tjón hans sé af völdum óveðurs. Máli sínu til stuðnings vísar M til upplýsingaskjals frá V. Í því skjali komi fram að tryggingin bæti skemmdir á húseign sökum óveður eða roks sem nær 28,5 m/s. Þegar af þeirri ástæðu að bótakrafa M snertir ekki skemmdir á húseign, getur ekki komið til greiðslu á þessum grundvelli.

Niðurstaða.

M á ekki rétt á bótum, úr húseigendatryggingu sem X er með hjá V.

Reykjavík, 3. júní 2025.
rafræn undirskrift

Guðmundur Sigurðsson

Hildigunnur Hafsteinsdóttir

Heiða Óskarsdóttir